

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulaginu Hraun 1 á Reyðarfirði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 28. ágúst 2007 samþykkt breytingu á deiliskipulaginu Hraun 1 á Reyðarfirði dags. 10. nóvember 2004.

Breytingin felst í því að:

1. Lóðum fyrir þjónustuiðnað og hafnartengda starfsemi er fjölgað.
2. Fyrirhuguð fylling vegna áfanga 2 og lóða stækkar til suðurs.
3. Nýjum hafnarkanti er bætt við.
4. Afmörkun lóð, lóðarnúmer og byggingarreitir eru endurskoðuð.

Uppdrátturinn sem og meðfylgjandi byggingar- og skipulagsskilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 10. nóvember 2004.

Fjarðabyggð, 8. nóvember 2007.

Helga Jónsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2007